

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2016, þriðjudaginn 15. mars var haldinn 91. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:20. Viðstaddir voru: Hermann Valsson, Óttarr Örn Guðlaugsson og Berghildur Erla Berharðsdóttir. Einnig voru viðstaddir Sigurður Ingi Jónsson áheyrnarfulltrúi, Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals, Þórir Jóhannsson, fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts og Sólveig Reynisdóttir framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar, Grafarholts og Úlfarsárdal.

Fundarritari var Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri ÞÁG

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað, dags. 9. febrúar 2016, frá skrifstofu borgarstjóra um notkun fjarfundabúnað vegna funda ráða og nefnda. R16010250.
2. Lögð fram tillaga Hverfisráðs svohljóðandi umsögn á Betri hverfi.

Hverfisráðið óskar eftir að athugað verði hvort hægt sé að gera greinarmun á verkefnum, hvort þau komi frá Úlfarsárdal eða Grafarholti. Ástæðan fyrir þessari ósk er sú að töluverður munur er á íbúafjölda hverfana og gæti það unnið gegn því að verkefni í Úlfarsárdal hljóti nægan stuðning í kosningu verkefnanna. Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdal leggur til að til úthlutunar verði tveir pottar þar sem þarfir hverfis hlutana eru mjög ólíkir.

3. Lögð fram bókun Hverfisráðs vegna núverandi gúmmíkurlis á sparkvöllum

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals tekur heils hugar undir áhyggjur foreldra í hverfinu vegna núverandi gúmmíkurlis á sparkvöllum í hverfinu og hvetur borgarstjóra til aðgerða strax til að skipta út gúmmíkurlu út fyrir heilsusamlegri gúmmífefni.

Fundi slitið kl. 17:08

Hermann Valsson
Berghildur Erla Berharðsdóttir

Óttarr Örn Guðlaugsson